

Gróður frá Kjálkafjarðarbotni að Þingmannaá í Vatnsfirði

Unnið fyrir Vegagerðina

Hafdís Sturlaugsdóttir

Febrúar 2008
NV nr. 4-08

ÚTDRÁTTUR

Vegagerðin áætlar að enduruppbyggja núverandi veg frá botni Kjálkafjarðar og að Þingmannaá í Vatnsfirði.

Gróðurfarsathugun var gerð á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði 2007 og voru gróðurlendi teiknuð á loftmynd og tegundir skráðar.

Gróðurfur á svæðinu einkenndist að mestu af þurrlendisgróðri. Inn í Kjálkafirði og í Vatnsfirði var birkikjarr ríkjandi gróðurlendi. Við utanverðan Kjálkafjörð og á Hjarðarnesinu var nokkuð votlendi en það var að hluta til framræst.

Það fundust 102 tegundir en það fannst engin planta á valista eða sem telst geta verið sjaldgæf.

Gróðurfur í fjarðarbotnunum er einkennandi fyrir gróðurfur í öðrum nálægum fjarðarbotnum.

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
EFNISYFIRLIT	3
MYNDAYFIRLIT	3
INNGANGUR.....	4
AÐFERÐ	4
Rannsóknarsvæðið	5
NIÐURSTÖÐUR	5
Gróðurfur	5
Tegundir plantna.....	10
VERNDARÁKVÆÐI	10
UMRÆÐUR	10
HEIMILDIR	14

MYNDAYFIRLIT

Mynd 1. Yfirlitskort af rannsóknarsvæðinu og skipting á gróðurlendamyndum.....	5
Mynd 2. Gróðurlendi innarlega í Kjálkafirði vestanverðum.	6
Mynd 3. Gróðurlendi í yst í Kjálkafirði vestanverðum.	7
Mynd 4. Gróðurlendi á Hjarðarnesi við Auðshaug og Fossá.....	8
Mynd 5. Gróðurlendi í Vatnsfirði austanverðum og við Hörgsnes.	9

INNGANGUR

Að beiðni Vegagerðarinnar fór fram könnun á gróðri frá Vatnsfirði austanverðum og að Kjálkafjarðarbotni vegna fyrirhugaðrar lagfæringar á vegi. Veglína kemur til með að halda sér að stórum hluta en nokkrar lagfæringar eru á beygjum og aðeins tilfærsla á veglínu í vestanverðum Kjálkafirði.

AÐFERÐIR

Gróðurkort af svæðinu eru ekki til. Gróður var kortlagður á vettvangi og skráður inn á loftmyndir. Gróður var flokkaður í gróðurlendi með sjónmati. Einnig var þekja skráð. Notaður var gróðurflokkunarlykill Náttúrufræðistofnunar frá 1997.

Í gagnabanka Náttúrufræðistofnunar (<http://www.ni.is/>) eru til plöntulistar yfir háplöntur í 10 x 10 km reitum frá þessu svæði. Þeir reitir ná langt út fyrir rannsóknarsvæðið. Þeir listar voru athugaðir fyrir vettvangsferð til að kanna hvort þar væru plöntur á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996).

Gróður á svæðinu var skoðaður 21. september 2007. Við gróðurskoðun var gengið um svæðin og skráðar plöntutegundir. Gróðurkort var teiknað eftir þeim gögnum sem safnað var. Gróðurlendin voru teiknuð inn á loftmyndir, frá Loftmyndum ehf. Myndirnar voru teknar úr 3500 m hæð árið 1998.

Rannsóknarsvæðið

Rannsóknarsvæðið er frá Kjálkafjarðarbotni vestanverðum og að Pingmannaá í Vatnsfirði. Lítið undirlendi er í Kjálkafirði og á athugunarsvæðinu í Vatnsfirði. Á Hjarðarnesinu, milli Kjálka- og Vatnsfjarðar, er nokkurt undirlendi. Þar standa tveir bæir; Fossá og Auðshaugur.

Kort af rannsóknarsvæðinu er sýnt á mynd 1, kort frá Landmælingum Íslands.



Mynd 1. Yfirlitskort af rannsóknarsvæðinu og skipting á gróðurlendamyndum..

NIÐURSTÖÐUR

Gróðurfur

Á svæði A (sjá mynd 1) er að mestu þurrlandisgróður. Í Kjálkafirði er lítið undirlendi og brattar hlíðar niður í sjó. Landið er vaxið birki- og víðikjarri með fjalldrapa og hrútaberjalyngi (Latnesk nöfn eru í töflu 1), rétt ofan núverandi vegar og upp í hlíðar.

Neðan vegar eru votlendisblettir með mýrastör og klóffu og melar á milli með móasefi, gullmuru og krækilyngi. Meðfram fjörunni er graslendi þar sem sjárvarfitjungur, vallarsveifgras og tágamura eru áberandi. Mynd 2 sýnir gróðurlendi á svæði A.



Skýringar með mynd 2.

Gróðurlendi

Lyngmói

B1 Krækilyng – fjalldrapi – bláberjalyng

Birki

C7 Ilmbjörk – gulvíðir

Víðimói og kjarr

D3 Loðnvíðir – grávíðir

Graslendi

H3 Grös með smárunnum

Þekja

x Gróðurþekja að meðaltali 75%

z Gróðurþekja að meðaltali 50%

þ Gróðurþekja að meðaltali 25%

Ógróið land

ey Þurrar áreyrar


n Náma

me Melar

r Raskað land

Mynd 2. Gróðurlendi innarlega í Kjálkafirði vestanverðum.

Á svæði B (sjá mynd 1 og 3) tekur við votlendi og hálfdeigja, sem hefur verið að hluta til þurrkuð upp og ræktað. Tún á þessu svæði hafa ekki verið slegin einhver ár áður en gróðurgreining fór fram. Túnin voru að mestu vaxin língresi, vallarsveifgrasi og háliðagrasi. Ofan við framræsluskurðina voru starir áberandi; tjarnarstör, gulstör og mýrastör. Gamlar skriður úr fjallinu, ofan núverandi vegar, voru vaxnar bláberja-, kræki- og sortulyngi ásamt móasefi. Neðan vegarins var hins vegar mýri með m.a. reyrgresi, gulstör, mýrastör og engjarós.



Skýringar með mynd 3.

Gróðurlendi

Lyngmói

B1 Krækilyng – fjalldrapi – bláberjalyng

B6 Holtasóley – krækilyng – víðir

Birki

C7 Ilmbjörk – golvíðir

Sefmói

F2 Móasef – smárunnar

Graslendi

H1 Grös

H2 Grös með störum

H3 Grös með smárunnum

Hálfdeigja

T2 Hrossanál – starir - grös

T5 Grös – starir

Ræktað land

R2 Tún í góðri rækt

R3 Önnur tún

Flói

V1 Gulstör

Þekja

x Gróðurþekja að meðaltali 75%

z Gróðurþekja að meðaltali 50%

þ Gróðurþekja að meðaltali 25%


Ógróið land

me Melar

n Náma

Mynd 3. Gróðurlendi í yst í Kjálkafirði vestanverðum.

Þegar komið er út á Hjarðarnesið (svæði C á mynd 1 og 4) tekur við heldur meira undirlendi. Þar eru tveir bæir, Auðshaugur og Fossá og eru tún í kringum bæina. Aðeins hluti túnanna er ennþá nýttur til sláttar. Við Fossá hefur verið ráðist í endurheimt votlendis, þar sem áður voru tún. Ofan núverandi vegar eru lítt grónar skriður. Neðan vegarins er nokkurt deiglandi með grösom og störum. Gróðurlendi á svæði C eru sýnd á mynd 4.



Mynd 4. Gróðurlendi á Hjarðarnesi við Auðshaug og Fossá.

Skýringar með mynd 4.

Gróðurlendi

Lyngmói

B1 Krækilyng – fjalldrapi – bláberjalyng

B6 Holtasóley – krækilyng – víðir

B7 Bláberjalyng – krækilyng - víðir

Birki

C7 Ilmbjörk – gulvíðir

Graslendi

H1 Grös

H2 Grös með störum

H3 Grös með smárunnum

Hálfdeigja

T2 Hrossanál – starir - grös

T5 Grös og starir

Ræktað land

R2 Tún í góðri rækt

R4 Tún að breytast í votlendi

Mýri

U3 Mýrastör/stinnastör – fjalldrapi

U5 Mýrastör/stinnastör

Þekja

x Gróðurþekja að meðaltali 75%

z Gróðurþekja að meðaltali 50%

þ Gróðurþekja að meðaltali 25%

Ógróið land

ey Þurrar áreyrar

n Náma

me Melar

r Raskað land

b Grjót á yfirborði

Svæði D (mynd 1) nær frá Öskjudalsá að Þingmannaá. Við Öskjudalsá minnkar undirlendið aftur og við tekur birki- og víðikjarr með fjalldrapa og hrútaberjalyngi, frá fjöru og upp í hlíðar. Í birkikjarrinu er nokkuð af reynivið. Birkikjarrið nær inn að Þingmannaá, en gróðurþekjan er mismikil. Við Hörgsnes, yst í Vatnsfirði, eru mörk friðlandsins í Vatnsfirði. Gróðurlendi á svæði D eru sýnd á mynd 5.



Skýringar með mynd 5.

Gróðurlendi

Lyngmói

B1 Krækilyng – fjalldrapi – bláberjalyng

Birki

C7 Ilmbjörk – gulvíðir

Þekja

x Gróðurþekja að meðaltali 75%

z Gróðurþekja að meðaltali 50%

þ Gróðurþekja að meðaltali 25%

Ógróið land

n Náma

Mynd 5. Gróðurlendi í Vatnsfirði austanverðum og við Hörgsnes.

Tegundir plantna

Alls fundust 102 tegundir háplantna á svæðinu. Allar tegundir eru algengar á landsvísu. Nöfn plantna sem notuð eru í skýrslunni eru samkvæmt Herði Kristinssyni (1986). Listi yfir plönturnar, íslensk og latnesk nöfn þeirra er í töflu 1.

VERNDARÁKVÆÐI

Í Vatnsfirði er friðland sem var friðlýst árið 1975 [0]. Í reglum um friðlandið segir, „jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar“ (Lög um náttúruvernd nr.44/1999, áður nr.47/1971). Mörk friðlandsins má sjá á mynd 5 og er því leiðin frá Hörgsnesi og að Þingmannaá innan friðlandsins.

Hluti svæðisins er vaxinn náttúrulegum birkiskógi með reynitjám og víðikjarri. Samkvæmt lögum um náttúruvernd ber að forðast að raska slíku gróðurlendi (Lög um náttúruvernd nr. 44/1999).

Nokkuð votlendi, 15 ha samtals, er í Kjálkafirði vestanverðum (sjá 3. mynd T2, T5 og V1) og ber að reyna að vernda það eins og kostur er.

UMRÆÐUR

Rannsóknarsvæðið er að mestu vaxið náttúrulegum birkikjarri, líkt og er víða á Barðaströndinni (Arlín Óladóttir 2000; Arlín Óladóttir 2004). Birkikjarr nær víða frá fjöru og upp í um 200-300 m hæð, en er lágvaxnara og gisnara þegar ofar dregur. Þar sem undirlendi er meira er minna kjarr, en meira graslendi.

Tafla 1. Háplöntutegundir sem fundust við gróðurskoðun í september 2007 á rannsóknarsvæðinu. Nafngiftir eru samkvæmt Herði Kristinssyni (Hörður Kristinsson, 1986).

Íslenskt heiti

Aðalbláberjalyng
 Augnfró
 Axhæra
 Baldursbrá
 Beitieski
 Birki
 Bláberjalyng
 Blágresi
 Blásveifgras
 Blávingull
 Blóðberg
 Blómsef
 Brennisóley
 Brjóstagras
 Bugðupuntur
 Burnirót
 Einir
 Engjarós
 Finnungur
 Fjallafoxgras
 Fjallasveifgras
 Fjaldalafífill
 Fjalldrapi
 Geithvönn
 Geldingahnappur
 Gleym-mér-ei
 Grasvíðir
 Grávíðir
 Grávörblóm
 Gullmura
 Gullvöndur
 Gulmaðra
 Gulstör
 Gulvíðir
 Háliðagras
 Hálingresi
 Hárleggjastör
 Hengistör
 Hnúskakrækil
 Holtasóley
 Holurt
 Hófsóley
 Hrafnaklukka

Latneskt heiti

Vaccinium myrtillus
Euphrasia frigida
Luzula spicata
Matricaria maritima
Equisetum variegatum
Betula pubescens
Vaccinium uliginosum
Geranium sylvaticum
Poa glauca
Festuca vivipara
Thymus praecox
Juncus triglumis
Ranunculus acris
Thalictrum alpinum
Deschampsia flexuosa
Rhodiola rosea
Juniperus communis
Potentilla palustris
Nardus stricta
Phleum alpinum
Poa alpina
Geum rivale
Betula nana
Angelica sylvestris
Armeria maritima
Myosotis arvensis
Salix herbacea
Salix callicarpea
Draba incana
Potentilla crantzii
Gentianella aurea
Galium verum
Carex lyngbyei
Salix phylicifolia
Alopecurus pratensis
Agrostis capillaris
Carex capillaris
Carex rariflora
Sagina nodosa
Dryas octopetala
Silene uniflora
Caltha palustris
Cardamine nymanii

Íslenskt heiti

Hrímblaðka
 Hrossanál
 Hrútaberjalyng
 Hvítmaðra
 Hvítmaðra
 Ilmreynir
 Ilmreyr
 Kattartunga
 Klóelfting
 Klófífa
 Klukkublóm
 Kornsúra
 Krækilyng
 Lambagras
 Lindadúnurt
 Ljónslappi
 Loðvíðir
 Lokasjóður
 Lógresi
 Lækjargrýta
 Maríustakkur
 Melgresi
 Móasef
 Músareyra
 Mýrafinnungur
 Mýrasef
 Mýrasóley
 Mýrastör
 Mýrfjóra
 Ólafssúra
 Reyrgresi
 Sauðamergur
 Sérbylisstör
 Sjávarfitjungur
 Skarífífill
 Skollafingur
 Skriðlíngrasi
 Slíðrastör
 Smjörgras
 Snarrótarpuntur
 Sortulyng
 Stinnastör
 Stjörnusteinnbrjótur
 Tágamura
 Tjarnarstör

Latneskt heiti

Atriplex L.
Juncus arcticus
Rubus saxatilis
Galium normanii
Galium normanii
Sorbus aucuparia
Anthoxanthum odoratum
Plantago maritima
Equisetum arvense
Eriophorum angustifolium
Pyrola minor
Bistorta vivipara
Empetrum nigrum
Silene acaulis
Epilobium alsinifolium
Alchemilla alpina
Salix lanata
Rhinanthus minor
Trisetum spicatum
Montia fontana
Alchemilla vulgaris
Leymus arenarius
Juncus trifidus
Cerastium alpinum
Trichophorum caespitosum
Juncus alpinus
Parnassia palustris
Carex nigra
Viola palustris
Oxyria digyna
Hierochloë odorata
Loiseleuria procumbens
Carex dioeca
Puccinellia maritima
Leontodon autumnalis
Huperzia selago
Agrostis stolonifera
Carex vaginata
Bartsia alpina
Deschampsia caespitosa
Arctostaphylos uva-ursi
Carex bigelowii
Saxifraga stellaris
Potentilla anserina
Carex rostrata

Íslenskt heiti

Tófugras
Túnfífill
Túnsúra
Túnvingull
Týsfjóla
Undafífill
Vallarfoxgras
Vallarsveifgras
Vallelfting
Vallhæra
Vegarfi
Þráðsef
Þursaskegg
Ætihvönn

Latneskt heiti

Cystopteris fragilis
Taraxacum spp.
Rumex acetosa
Festuca richardsonii
Viola canina
Hieracium spp.
Pyleum pratense
Poa pratensis
Equisetum pratense
Luzula multiflora
Cerastium fontanum
Juncus filiformis
Kobresia myosuroides
Angelica archangelica

HEIMILDIR

Arnín Óladóttir. 2000. Vestfjarðavegur frá Múla í Kollafirði að Vattarnesi. Gróðurfar.

Náttúrustofa Vestfjarða.

Arnín Óladóttir. 2004. Gróðurfar á fyrirhuguðu nýju vegstæði frá Þórisstöðum í

Þorskafirði að Eyri í Kollafirði, Reykhólahreppi. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 12-04.

Hörður Kristinsson, (1986). Plöntuhandbókin: blómplöntur og byrkningar. Reykjavík:

Örn og Örlygur.

Kristján Geirsson ritst., (1996). Náttúruminjaskrá: skrá um friðlýst svæði og aðrar skráðar

náttúruminjar. Reykjavík. Náttúruverndarráð.

Náttúrufræðistofnun Íslands, (1996). Válisti 1 : Plöntur. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands, (2007). Plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands:

<http://www.ni.is/>